

Golfþing 10. til 11. nóvember 2023

Tillögur stjórnar GSÍ um breytingar á lögum GSÍ

Tillaga 1 – Breytingar er lúta að „kynhlutleysi“ lagatextans

Núverandi 5. málsgrein 5. greinar:

Á golfþingi skal kjósa fimm manna kjörnefnd, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð til embætta skulu berast skrifstofu GSÍ eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Hafi ekki nægjanlegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt golfklúbbum sem mynda sambandið. Hafi þrátt fyrir það eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Að framboðsfresti liðnum skal kjörnefnd kynna frambjóðendur á vef GSÍ.

Tillaga að breyttri 5. málsgrein 5. greinar (rauðlitað):

Á golfþingi skal kjósa **kjörnefnd skipaða fimm fulltrúum**, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð til embætta skulu berast skrifstofu GSÍ eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Hafi ekki nægjanlegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt golfklúbbum sem mynda sambandið. Hafi þrátt fyrir það eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Að framboðsfresti liðnum skal kjörnefnd kynna frambjóðendur á vef GSÍ.

Núverandi 8. grein:

Dagskrá golfþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Innganga nýrra golfklúbba.
3. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 7. dagskrárliður hefst.
4. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
5. Kosning fyrsta og annars þingritara.
6. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
7. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga GSÍ.
8. Umræður um skýrslu stjórnar auk umræðna og atkvæðagreiðslu um reikninga sambandsins.
9. Skipað í starfsnefndir þingsins.
10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og mótagjöld.
11. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.
13. Nefndir starfa.
14. Nefndaálit og tillögur. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál.
15. Önnur mál.
16. Kjörnefnd kynrir frambjóðendur til embætta.

17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr.
18. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara.
19. Kosning þriggja manna og þriggja til vara í áfrýjunardómstól GSÍ. Kosning þriggja manna í dómstól GSÍ. Kosning þriggja manna og þriggja til vara í áhugamenskunefnd, aganefnd, dómaranefnd og forgjafar- og vallarmatsnefnd.
20. Kosning fimm manna í kjörnefnd, sbr. 6. mgr. 5. gr.
21. Kosning fulltrúa og varafulltrúa GSÍ á Íþróttþing ÍSÍ árið sem Íþróttþing fer fram, skv. lögum ÍSÍ.
22. Þingslit.

Tillaga að breyttri 8. grein (rauðlitað):

Dagskrá golfþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Innganga nýrra golfklúbba.
3. Kosning þriggja **fulltrúa** í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 7. dagskrárliður hefst.
4. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
5. Kosning fyrsta og annars þingritara.
6. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
7. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga GSÍ.
8. Umræður um skýrslu stjórnar auk umræðna og atkvæðagreiðslu um reikninga sambandsins.
9. Skipað í starfsnefndir þingsins.
10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og mótagjöld.
11. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.
13. Nefndir starfa.
14. Nefndaálit og tillögur. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál.
15. Önnur mál.
16. Kjörnefnd kynnir frambjóðendur til embætta.
17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr.
18. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara.
19. Kosning þriggja **dómara** og þriggja til vara í Áfrýjunardómstól GSÍ. Kosning þriggja **dómara** í Dómstól GSÍ. Kosning þriggja **fulltrúa** og þriggja til vara í áhugamenskunefnd, aganefnd, dómaranefnd og forgjafar- og vallarmatsnefnd.
20. Kosning fimm **fulltrúa** í kjörnefnd, sbr. 6. mgr. 5. gr.
21. Kosning fulltrúa og varafulltrúa GSÍ á Íþróttþing ÍSÍ árið sem Íþróttþing fer fram, skv. lögum ÍSÍ.
22. Þingslit.

Núverandi 9. grein:

Stjórn Golfsambandsins skal skipuð 11 mönnum. Kjörtímabil forseta er tvö ár og annarra stjórnarmanna fjögur ár, þannig að fimm stjórnarmenn eru kjörnir á hverju golfþingi. Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst forseta og síðan fimm aðra stjórnarmenn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Hætti stjórnarmaður störfum eða falli hann frá skal kosinn stjórnarmaður í hans stað á næsta golfþingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.

Ákvæði til bráðabirgða: Á golfþingi 2023 skal kjósa tíu stjórnarmenn. Að kosningu lokinni skal hlutkesti ráða hverjir fimm eru kosnir til tveggja ára og hverjir fimm til fjögurra ára.

Tillaga að breyttri 9. grein (rauðlitað):

Stjórn Golfsambandsins skal skipuð 11 **fulltrúum**. Kjörtímabil forseta er tvö ár og **annars stjórnarfólks** fjögur ár, þannig að fimm eru **kjörin** á hverju golfþingi. Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst forseta og síðan fimm **önnur**. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Hætti **stjórnarfulltrúi** störfum eða falli frá skal kosinn **stjórnarfulltrúi í staðinn** á næsta golfþingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.

Ákvæði til bráðabirgða: Á golfþingi 2023 skal kjósa tíu **í stjórn**. Að kosningu lokinni skal hlutkesti ráða **hver** fimm **þeirra** eru **kosin** til tveggja ára og **hver** fimm til fjögurra ára.

Núverandi 1. málsgrein 13. greinar:

Inntökugjald er ekkert. Félagsmenn í golfklúbbum greiða félagagjald til GSÍ sem er ákveðin fjárhæð fyrir hvern féлага. Félagagjöld eru ákveðin af golfþingi fyrir næstu tvö ár. Gjaldstofn miðast við félagaskrá í gagnagrunni Golfsambandsins 1. júlí ár hvert. Golfklúbbar innheimta félagagjöld fyrir hönd GSÍ og skila fénu þannig að hluti félagagjalds, sem nemur 50% af félagagjaldi liðins árs, skal greiða fyrir fram 1. apríl ár hvert og skal endanlegt uppgjör félagagjalda fara fram 1. ágúst ár hvert.

Tillaga að breyttri 1. málsgrein 13. greinar (rauðlitað):

Inntökugjald er ekkert. **Félagafólk** í golfklúbbum **greiðir** félagagjald til GSÍ sem er ákveðin fjárhæð fyrir hvern féлага. Félagagjöld eru ákveðin af golfþingi fyrir næstu tvö ár. Gjaldstofn miðast við félagaskrá í gagnagrunni Golfsambandsins 1. júlí ár hvert. Golfklúbbar innheimta félagagjöld fyrir hönd GSÍ og skila fénu þannig að hluti félagagjalds, sem nemur 50% af félagagjaldi liðins árs, skal greiða fyrir fram 1. apríl ár hvert og skal endanlegt uppgjör félagagjalda fara fram 1. ágúst ár hvert.

Núverandi 19. grein:

Dómstóll GSÍ og áfrýjunardómstóll GSÍ skulu starfa samkvæmt lögum um dómstóla Golfsambands Íslands.

Á vegum Golfsambandsins starfa, áhugamenskunefnd, forgjafarnefnd, dómaranefnd og aganefnd, hver um sig skipuð þremur mönnum og þremur til vara, kjörnum á golfþingi til tveggja ára í senn. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann.

Áhugamenskunefndin fjallar um brot á áhugamannareglunum og starfar samkvæmt samþykktum R&A Rules Limited. Úrskurðum hennar um sviptingu eða endurheimt áhugamannaréttinda má áfrýja til Dómstóls GSÍ.

Aganefndin fjallar um agavandamál keppenda, starfsmanna og áhorfenda vegna opinna móta og móta á vegum GSÍ auk agamála starfsmanna og keppenda á vegum GSÍ vegna annarra móta og keppnisferða sem GSÍ velur þátttakendur í. Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómarar, eftirlitsmenn GSÍ svo og stjórn sambandsins. Heimilt er að skjóta til dómstóls GSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjá mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex

mótum. Að öðru leyti eru úrskurðir aganefndar endanlegir. Aganefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Forgjafar-og vallarmatsnefnd fer með framkvæmd forgjafar- og vallarmatsmála. Hún skal úrskurða um öll deilumál sem til Golfsambandsins er vísað vegna forgjafar eða forgjafarkerfisins. Úrskurðum hennar má áfrýja til Dómstóls GSÍ.

Dómaranefnd skal meðal annars fara með málefni golfdóma, hafa umsjón með menntun golfdómara, vera stjórn GSÍ til ráðgjafar í öllum málum er varða golfdómara og golfreglur. Dómaranefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Tillaga að breyttri 19. grein (rauðlitað):

Dómstóll GSÍ og áfrýjunardómstóll GSÍ skulu starfa samkvæmt lögum um dómstóla Golfsambands Íslands.

Á vegum Golfsambandsins starfa, áhugamenskunefnd, forgjafarnefnd, dómaranefnd og aganefnd, hver um sig skipuð þremur **fulltrúum** og þremur til vara, kjörnum á golfþingi til tveggja ára í senn. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann.

Áhugamenskunefndin fjallar um brot á áhugamannareglunum og starfar samkvæmt samþykktum R&A Rules Limited. Úrskurðum hennar um sviptingu eða endurheimt áhugamannaréttinda má áfrýja til Dómstóls GSÍ.

Aganefndin fjallar um agavandamál keppenda, **starfsfólks** og áhorfenda vegna opinna móta og móta á vegum GSÍ auk agamála **starfsfólks** og keppenda á vegum GSÍ vegna annarra móta og keppnisferða sem GSÍ velur þátttakendur í. Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómara, eftirlitsmenn GSÍ svo og stjórn sambandsins. Heimilt er að skjóta til dómstóls GSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjá mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex mótum. Að öðru leyti eru úrskurðir aganefndar endanlegir. Aganefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Forgjafar-og vallarmatsnefnd fer með framkvæmd forgjafar- og vallarmatsmála. Hún skal úrskurða um öll deilumál sem til Golfsambandsins er vísað vegna forgjafar eða forgjafarkerfisins. Úrskurðum hennar má áfrýja til Dómstóls GSÍ.

Dómaranefnd skal meðal annars fara með málefni golfdóma, hafa umsjón með menntun golfdómara, vera stjórn GSÍ til ráðgjafar í öllum málum er varða golfdómara og golfreglur. Dómaranefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Rökstuðningur:

Á golfþingi 2021 var stjórn GSÍ falið að vinna að breytingum á lögum GSÍ þannig að þau yrðu „kynhlutlaus“. Nánari leiðsögn um útfærslu breytinganna kom ekki fram á þinginu. Stjórn GSÍ leitaði til Eiríks Rögnvaldssonar prófessors emeritus í íslensku og byggja framangreindar lagabreytingartillögur á leiðsögn hans. Eiríkur tók fram að fólk leggi mismunandi skilning í „kynhlutlaus mál“ og því megi búast við að sumum finnist of langt gengið en öðrum of skammt.

Tillaga 2 – Heiðursveitinganevnd

Núverandi 19. töluliður 10. greinar um dagskrá golfþings:

19. Kosning þriggja manna og þriggja til vara í áfrýjunardómstól GSÍ. Kosning þriggja manna í dómstól GSÍ. Kosning þriggja manna og þriggja til vara í áhugamenskunefnd, aganefnd, dómaranefnd og forgjafar- og vallarmatsnefnd.

Tillaga að breyttum 19. tölulið 10. greinar um dagskrá golfþings (rauðlitað, með inniföldum breytingum skv. tillögu 1):

19. Kosning þriggja dómara og þriggja til vara í Áfrýjunardómstól GSÍ. Kosning þriggja dómara í dómstól GSÍ. Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í áhugamenskunefnd, aganefnd, dómaranefnd og forgjafar- og vallarmatsnefnd. **Kosning fimm fulltrúa í heiðursveitinganevnd.**

Núverandi 2. málsgrein 19. greinar um dómstóla og nefndir:

Á vegum Golfsambandsins starfa, áhugamenskunefnd, forgjafarnefnd, dómaranefnd og aganefnd, hver um sig skipuð þremur mönnum og þremur til vara, kjörnum á golfþingi til tveggja ára í senn. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann.

Tillaga að breytttri 2. málsgrein 19. greinar um dómstóla og nefndir (rauðlitað, með inniföldum breytingum skv. tillögu 1):

Á vegum Golfsambandsins starfa áhugamenskunefnd, forgjafarnefnd, dómaranefnd og aganefnd, hver um sig skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara, **og heiðursveitinganevnd skipuð fimm fulltrúum. Fulltrúar eru kjörnir** á golfþingi til tveggja ára í senn. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann.

Tillaga að nýrri 7. málsgrein 19. greinar um dómstóla og nefndir:

Heiðursveitinganevnd skal fjalla um tilnefningar til heiðursveitinga og gera tillögur um heiðursveitingar til stjórnar GSÍ. Heiðursveitinganevnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð sem stjórn GSÍ setur.

Rökstuðningur:

Fyrirkomulag heiðursveitinga hefur verið samkvæmt reglum sem stjórn GSÍ setur. Núverandi reglur voru samþykktar á stjórnarfundum GSÍ 8. maí 2014. Rétt þykir að formfesta frekar fyrirkomulag heiðursveitinga á þann hátt að umfjöllun um heiðursveitingar færist frá stjórn GSÍ, sem áfram taki þó lokaákvörðun um heiðursveitingar.

Tillaga 3 – Áfrýjun úrskurða nefnda

Núverandi 3. – 5. málsgrein 19. greinar:

Áhugamenskunefndin fjallar um brot á áhugamannareglunum og starfar samkvæmt samþykktum R&A Rules Limited. Úrskurðum hennar um sviptingu eða endurheimt áhugamannaréttinda má áfrýja til Dómstóls GSÍ.

Aganefndin fjallar um agavandamál keppenda, starfsmanna og áhorfenda vegna opinna móta og móta á vegum GSÍ auk agamála starfsmanna og keppenda á vegum GSÍ vegna annarra móta og keppnisferða sem GSÍ velur þátttakendur í. Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómarar, eftirlitsmenn GSÍ svo og stjórn sambandsins. Heimilt er að skjóta til dómstóls GSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjá mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex mótum. Að öðru leyti eru úrskurðir aganefndar endanlegir. Aganefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Forgjafar-og vallarmatsnefnd fer með framkvæmd forgjafar- og vallarmatsmála. Hún skal úrskurða um öll deilumál sem til Golfsambandsins er vísað vegna forgjafar eða forgjafarkerfisins. Úrskurðum hennar má áfrýja til Dómstóls GSÍ.

Tillaga að breyttum 3. – 5. málsgreinum 19. greinar (rauðlitað og með inniföldum breytingum skv. tillögu 1):

Áhugamenskunefndin fjallar um brot á áhugamannareglunum og starfar samkvæmt samþykktum R&A Rules Limited. Úrskurðum hennar um sviptingu eða endurheimt áhugamannaréttinda má áfrýja til **Áfrýjunardómstóls** GSÍ.

Aganefndin fjallar um agavandamál keppenda, starfsfólks og áhorfenda vegna opinna móta og móta á vegum GSÍ auk agamála starfsfólks og keppenda á vegum GSÍ vegna annarra móta og keppnisferða sem GSÍ velur þátttakendur í. Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómarar, eftirlitsmenn GSÍ svo og stjórn sambandsins. Heimilt er að skjóta til **Áfrýjunardómstóls** GSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjá mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex mótum. Að öðru leyti eru úrskurðir aganefndar endanlegir. Aganefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Forgjafar-og vallarmatsnefnd fer með framkvæmd forgjafar- og vallarmatsmála. Hún skal úrskurða um öll deilumál sem til Golfsambandsins er vísað vegna forgjafar eða forgjafarkerfisins. Úrskurðum hennar má áfrýja til **Áfrýjunardómstóls** GSÍ.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er heimilað að áfrýja tilteknum úrskurðum áhugamenskunefndar, aganefndar og forgjafar- og vallarmatsnefndar til Áfrýjunardómstóls GSÍ í stað Dómstóls GSÍ. Tilgangurinn er að einfalda og flýta málsmeðferð þegar úrskurðum er áfrýjað. Jafnframt er komið á samræmi í málsmeðferðinni, þar sem tiltekin mál sem borin eru upp við nefndirnar geta fengið afgreiðslu á tveimur stigum, á sama hátt og mál sem borin eru upp við Dómstól GSÍ.

Tillaga 4 – Dagskrá golfþings

Núverandi 10. töluliður 8. greinar um dagskrá golfþings:

10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og mótagjöld.

Tillaga að breyttum 10. tölulið 8. greinar um dagskrá golfþings:

10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld.

Rökstuðningur:

Ástæðulaust er talið að bera upp við golfþing hver þáttökugjöld skuli vera í mótum GSÍ næstu tvö ár. Gjöldin eru breytileg eftir mótum og eru oft ekki ákveðin fyrr en nær dregur, þegar fyrirkomulag og umgjörð mótanna liggur fyrir.

Tillaga að breyttum lögum GSÍ með öllum framangreindum breytingum

LÖG GOLFSAMBANDS ÍSLANDS

1. gr.

Golfsamband Íslands, skammstafað GSÍ, er æðsti aðili um allt varðandi golfíþróttina innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, skammstafað ÍSÍ.

Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

GSÍ er samband golfklúbba innan héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem mynda ÍSÍ og iðka golfíþróttina samkvæmt reglum „R&A Rules Limited“. Skilyrt er að lög klúbbanna samrýmist lögum GSÍ og ÍSÍ og að klúbbarnir hafi heimavöll.

3. gr.

Tilgangur Golfsambandsins felst í inntaki 1. greinar þessara laga og skal starfsemi sambandsins skiptast í skylduverkefni annars vegar og önnur verkefni hins vegar.

Skylduverkefni Golfsambandsins skulu vera eftirfarandi:

- a. Vinna að framgangi golfíþróttarinnar og útbreiðslu hennar á Íslandi.
- b. Annast mat golfvalla vegna forgjafar.
- c. Hafa umsjón og eftirlit með forgjafarmálum.
- d. Stuðla að fræðslu og menntun dómara vegna golfreglna R&A Rules Limited.
- e. Annast þátttöku og val á keppendum sem keppa fyrir Íslands hönd í alþjóðlegum vettvangi.
- f. Sjá um framkvæmd Íslandsmóta í öllum aldursflokkum.
- g. Annast erlend samskipti.

Önnur verkefni Golfsambandsins eru þau verkefni sem golfþing og stjórn sambandsins ákveða að sambandið skuli sinna hverju sinni.

4. gr.

Málefnum GSÍ stjórna:

- a. golfþing,
- b. stjórn GSÍ,
- c. formannafundur.

5. gr.

Golfþingið fer með æðsta vald í málefnum GSÍ og skal haldið annað hvert ár á tímabilinu 15. október til 30. nóvember. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra golfklúbba sem mynda sambandið.

Fulltrúafjöldi hvers klúbbs fer eftir félagafjölda 1. júlí þingárið, 16 ára og eldri. Tveir fulltrúar fyrir fyrstu 300 féлага eða færri. Síðan einn fulltrúi fyrir hvert byrjað hundrað.

Til þingsins er boðað bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Stjórn GSÍ skal kynna félögum Golfsambandsins dagskrá þingsins og önnur málefni sem hún hyggst leggja fyrir það, 14 dögum fyrir þing. Málefni sem fulltrúar golfklúbba óska að tekin verði til umræðu á þinginu skulu þeir kynna stjórn GSÍ með a.m.k. 20 daga fyrirvara. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.

Golfþingið er löglegt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á golfþingi skal kjósa kjörnefnd **skipaða fimm fulltrúum**, sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð til embætta skulu berast skrifstofu GSÍ eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Hafi ekki nægjanlegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt golfklúbbum sem mynda sambandið. Hafi þrátt fyrir það eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Að framboðsfresti liðnum skal kjörnefnd kynna frambjóðendur á vef GSÍ.

6. gr.

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og fullan atkvæðisrétt samkvæmt þeim, samþykki þingið kjörbréfin. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði, en getur auk þess farið með eitt annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði klúbbstjórnar.

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða.

Auk þingfulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. stjórn GSÍ,
- b. endurskoðendur GSÍ,
- c. 2 fulltrúar frá LEK, 2 fulltrúar frá IPGA, 2 fulltrúar frá SÍGÍ og 2 fulltrúar frá GSFÍ sbr. 19. grein.
- d. framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- e. einn fulltrúi frá stjórn hvers héraðssambands eða íþróttabandalags sem hefur golf innan sinna vébanda.

Þess utan getur stjórn GSÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

7. gr.

Aukaþing má halda er nauðsyn krefur eða helmingur golfklúbba sem mynda Golfsambandið óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um það sömu lagaákvæði og um reglulegt golfþing.

Það ár sem golfþing er ekki haldið skal stjórn GSÍ boða til formannafundar allra þeirra golfklúbba sem mynda Golfsambandið. Til fundarins skal boða með sama hætti og til golfþings. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á dagskrá formannafundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar GSÍ
2. Samþykkt reikninga GSÍ
3. Fjárhagsáætlun næsta starfstímabils
4. Önnur mál.

8. gr.

Dagskrá golfþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Innganga nýrra golfklúbba.
3. Kosning þriggja **fulltrúa** í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 7. dagskrárlíður hefst.
4. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
5. Kosning fyrsta og annars þingritara.
6. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
7. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga GSÍ.
8. Umræður um skýrslu stjórnar auk umræðna og atkvæðagreiðslu um reikninga sambandsins.
9. Skipað í starfsnefndir þingsins.
10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld-~~og~~ **mótagjöld**.
11. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.
13. Nefndir starfa.
14. Nefndaálit og tillögur. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál.
15. Önnur mál.
16. Kjörnefnd kynnir frambjóðendur til embætta.
17. Kosning stjórnar sbr. 9. gr.
18. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara.
19. Kosning þriggja **dómara** og þriggja til vara í Áfrýjunardómstól GSÍ. Kosning þriggja **dómara** í Dómstól GSÍ. Kosning þriggja **fulltrúa** og þriggja til vara í áhugamenskunefnd, aganefnd, dómaranefnd og forgjafar-og vallarmatsnefnd. **Kosning fimm fulltrúa í heiðursveitinganefnd**.
20. Kosning fimm **fulltrúa** í kjörnefnd, sbr. 6. mgr. 5. gr.
21. Kosning fulltrúa og varafulltrúa GSÍ á Íþróttáþing ÍSÍ árið sem Íþróttáþing fer fram, skv. lögum ÍSÍ.
22. Þingslit.

9. gr.

Stjórn Golfsambandsins skal skipuð 11 **fulltrúum**. Kjörtímabil forseta er tvö ár og **annars stjórnarfólks** fjögur ár, þannig að fimm eru **kjörin** á hverju golfþingi. Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst forseta og síðan fimm **önnur**. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Hætti **stjórnarfulltrúi** störfum eða falli frá skal kosinn **stjórnarfulltrúi í staðinn** á næsta golfþingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.

Ákvæði til bráðabirgða: Á golfþingi 2023 skal kjósa tíu í **stjórn**. Að kosningu lokinni skal hlutkesti ráða **hver** fimm **þeirra** eru **kosin** til tveggja ára og **hver** fimm til fjögurra ára.

10. gr.

Skyldur stjórnarinnar eru:

- a. að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra,
- b. að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum golfreglum, lögum sambandsins og fyrirmælum golfþings og samþykktum formannafundar
- c. að setja nauðsynlegar reglur og reglugerðir um golfþróttina.
- d. að ákveða stund og stað fyrir golfþing.
- e. að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa á ársþing ÍSÍ,
- f. að stuðla að opnum mótum,
- g. að skipa fjárhagsnefnd og aðrar starfsnefndir strax að loknu golfþingi og setja nefndunum erindisbréf.
- h. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og heiðurstitla GSÍ,
- i. að fara yfir umsóknir um aðild að GSÍ og samþykkja nýja golfklúbba.

11. gr.

Stjórn GSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á þeim skulu kynntar golfklúbbum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar GSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu GSÍ.

Óski golfklúbbur eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar GSÍ.

12. gr.

Stjórn Golfsambandsins getur falið stjórnnum golfklúbba og félögum innan GSÍ að vera fulltrúar sambandsins í viðkomandi heimabyggð. Stjórn GSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk.

13. gr.

Inntökugjald er ekkert. **Félagsfólk** í golfklúbbum **greiðir** félagagjald til GSÍ sem er ákveðin fjárhæð fyrir hvern féлага. Félagagjöld eru ákveðin af golfþingi fyrir næstu tvö ár. Gjaldstofn miðast við félagaskrá í gagnagrunni Golfsambandsins 1. júlí ár hvert. Golfklúbbar innheimta félagagjöld fyrir hönd GSÍ og skila fénu þannig að hluti félagagjalds, sem nemur 50% af félagagjaldi liðins árs, skal greiða fyrir fram 1. apríl ár hvert og skal endanlegt uppgjör félagagjalda fara fram 1. ágúst ár hvert.

Ef félagagjöld eru ekki greidd á gjalddaga skal stjórn Golfsambandsins hefja eftirfarandi innheimtuaðgerðir:

- a. Innheimta dráttarvexti af vangoldnum félagagjöldum.
- b. Loka fyrir stjórnendaaðgang klúbba að upplýsingakerfi golfhreyfingarinnar ef ekki er greitt innan 30 daga frá gjalddaga.
- c. Loka fyrir almennan aðgang félaga klúbba að upplýsingakerfi golfhreyfingarinnar ef ekki er greitt innan 60 daga frá gjalddaga.

Tilkynna skal viðkomandi klúbba ákvörðun um aðgerðir samkvæmt liðum b) og c) með a.m.k. viku fyrirvara.

14. gr.

Félagatal aðila miðað við 1. júlí skal senda í tölvuskrá til Gólf sambandsstjórnar fyrir 1. ágúst ár hvert. Ársskýrslur og ársreikningar aðila skulu sendast í tölvuskrá til Gólf sambandsstjórnar fyrir 1. febrúar ár hvert.

15. gr.

Reikningsár Gólf sambandsins er 1. október til 30. september. Reikningar sambandsins skulu liggja fyrir undirritaðir á skrifstofu sambandsins viku fyrir gólfþing og formannafund.

16. gr.

Árlega skal leggja fjárframlög í sérstakan sjóð sem hefur það hlutverk að styrkja gólfklúbba við rekstur gólfvalla sinna eða mannvirkja. Gólfþing skal ákveða fjárframlög til sjóðsins til næstu tveggja ára samkvæmt tillögu stjórnar Gólf sambandsins. Stjórn Gólf sambandsins skal setja nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

17. gr.

Gólf sambandið sér um að haldin séu meistaramót fyrir allt landið. Gólf sambandið setur reglur um þau mót sem það gengst fyrir og fyrir opin mót.

18. gr.

Félagaskipti skulu fara fram í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ. Skilyrði fyrir félagaskiptum er að félagi sé skuldlaus í fyrri klúbbi.

19. gr.

Dómstóll GSÍ og Áfrýjunardómstóll GSÍ skulu starfa samkvæmt lögum um dómstóla Gólf sambands Íslands.

Á vegum Gólf sambandsins starfa, áhugamenskunefnd, forgjafarnefnd, dómaranefnd og aganefnd, hver um sig skipuð þremur **fulltrúum** og þremur til vara **og heiðursveitinganefnd skipuð fimm fulltrúum. Fulltrúar eru kjörnir á gólfþingi til tveggja ára í senn. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann.**

Áhugamenskunefndin fjallar um brot á áhugamannareglunum og starfar samkvæmt samþykktum R&A Rules Limited. Úrskurðum hennar um sviptingu eða endurheimt áhugamannaréttinda má áfrýja til **Áfrýjunardómstóls GSÍ.**

Aganefndin fjallar um agavandamál keppenda, **starfsfólks** og áhorfenda vegna opinna móta og móta á vegum GSÍ auk agamála **starfsfólks** og keppenda á vegum GSÍ vegna annarra móta og keppnisferða sem GSÍ velur þátttakendur í. Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómarar, eftirlitsmenn GSÍ svo og stjórn sambandsins. Heimilt er að skjóta til **Áfrýjunardómstóls GSÍ** úrskurðum aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjú mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex mótum. Að öðru leyti eru úrskurðir aganefndar endanlegir. Aganefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Forgjafar- og vallarmatsnefnd fer með framkvæmd forgjafar- og vallarmatsmála. Hún skal úrskurða um öll deilumál sem til Gólf sambandsins er vísað vegna forgjafar eða forgjafarkerfisins. Úrskurðum hennar má áfrýja til **Áfrýjunardómstóls GSÍ.**

Dómaranefnd skal meðal annars fara með málefni golfdóma, hafa umsjón með menntun golfdómara, vera stjórn GSÍ til ráðgjafar í öllum málum er varða golfdómara og golfreglur. Dómaranefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð settri af stjórn GSÍ.

Heiðursveitinganefnd skal fjalla um tilnefningar til heiðursveitinga og gera tillögur um heiðursveitingar til stjórnar GSÍ. Heiðursveitinganefnd starfar samkvæmt sérstakri reglugerð sem stjórn GSÍ setur.

20. gr.

Golfsamband Íslands verður ekki lagt niður nema 4/5 þeirra fulltrúa sem sæti eiga á golfþingi samkvæmt þessum lögum samþykki það á tveimur þingum í röð og ekki líði meira en eitt ár á milli þinga. Með slíkri samþykkt á síðara þinginu er störfum þess þings lokið, en samtímis skal það ráðstafa eignum sambandsins.

21. gr.

Lögum þessum má breyta á reglulegu golfþingi með 2/3 atkvæða enda hafi tillögur þar um borist stjórn Golfsambandsins ekki síðar en mánuði fyrir golfþing. Lögin öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

22.gr.

Þannig samþykkt á golfþingi 11. nóvember 2023

Golfþing 10. til 11. nóvember 2023

Tillögur stjórnar GSÍ um breytingar á lögum um dómstóla GSÍ

Tillaga 1 – Breytingar er lúta að „kynhlutleysi“ lagatextans

Núverandi 3. málsgrein 13. greinar:

3. Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

Tillaga að breytttri 3. málsgrein 13. greinar (rauðlitað):

3. Sá **eða sú** sem hyggst áfrýja máli skal senda Áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

Núverandi 1. málsgrein 17. greinar:

1. Við dómstóla GSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.

Tillaga að breytttri 1. málsgrein 17. greinar (rauðlitað):

1. Við dómstóla GSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, **hvaða aðilar** mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.

Rökstuðningur:

Sjá rökstuðning fyrir tillögu 1 um breytingar á lögum GSÍ.

Tillaga 2 – Tilvísanir vegna golfreglnanna

Núverandi 1. töluliður 1. greinar:

1. Dómstólar Golfsambands Íslands eru Dómstóll GSÍ og Áfrýjunardómstóll GSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Golfsambands Íslands og sem varða golfreglur „The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews“, lög og reglur Golfsambands Íslands eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu Dómstólar GSÍ byggja niðurstöður sínar. Lög Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.

Tillaga að breyttum 1. tölulið 1. greinar (rauðlitað):

1. Dómstólar Golfsambands Íslands eru Dómstóll GSÍ og Áfrýjunardómstóll GSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Golfsambands Íslands og sem varða golfreglur **R&A Rules Limited**, lög og reglur Golfsambands Íslands eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu Dómstólar GSÍ byggja niðurstöður sínar. Lög Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.

Núverandi 15. grein:

Undir dómstóla GSÍ heyra öll brot á golfreglum “The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews” svo og lögum og reglum GSÍ.

Tillaga að breyttri 15. grein (rauðlitað):

Undir dómstóla GSÍ heyra öll brot á golfreglum **R&A Rules Limited** svo og lögum og reglum GSÍ.

Rökstuðningur:

Umsjón og ábyrgð á golfreglunum fluttist fyrir mörgum árum frá The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews til R&A Rules Limited og því eðlilegt að uppfæra lögin til samræmis við það.

Tillaga 3 – Skipan Áfrýjunardómstóls GSÍ

Núverandi 1. málsgrein 12. greinar um skipan dómsins:

1. Áfrýjunardómstóll GSÍ skal skipaður 3 dómurum, a.m.k. einum löglærðum og tveimur landsdómurum í golfi og einum löglærðum og tveimur landsdómurum í golfi til vara.

Tillaga að breyttri 1. málsgrein 12. greinar um skipan dómsins:

1. Áfrýjunardómstóll GSÍ skal skipaður 3 dómurum, a.m.k. **tveimur** löglærðum og **a.m.k. einum landsdómara** í golfi og **a.m.k. tveimur** löglærðum og **a.m.k. einum landsdómara** í golfi til vara.

Rökstuðningur:

Talið er heppilegra að löglærðir dómarar við Áfrýjunardómstólinn séu a.m.k. tveir, frekar en að landsdómarar í golfi séu a.m.k. tveir.

Tillaga 4 – Áfrýjun úrskurða nefnda

Núverandi 13. grein um áfrýjun:

1. Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls GSÍ.

2. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 5 dagar frá því dómur dómstóls GSÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.
3. Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

Tillaga að breyttri 13. grein um áfrýjun (rauðlitað, með inniföldum breytingum skv. tillögu 1):

1. Heimilt er að skjóta til Áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls GSÍ, **auk tiltekinnna úrskurða nefnda GSÍ, sbr. 19. grein laga GSÍ.**
2. Frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstólsins skal vera 5 dagar frá því dómur dómstóls GSÍ **eða úrskurður nefndar** var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.
3. Sá eða sú sem hyggst áfrýja máli skal senda Áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

Rökstuðningur:

Sjá rökstuðning fyrir tillögu 3 um breytingu á lögum GSÍ.

Tillaga að breyttum lögum um dómstóla GSÍ með öllum framangreindum breytingum

LÖG UM DÓMSTÓLA GSÍ

1. kafli Dómstólaskipan

1. grein - Dómstigin

1. Dómstólar Golfsambands Íslands eru Dómstóll GSÍ og Áfrýjunardómstóll GSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Golfsambands Íslands og sem varða golfreglur **R&A Rules Limited**, lög og reglur Golfsambands Íslands eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu Dómstólar GSÍ byggja niðurstöður sínar. Lög Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.
2. Dómstóll GSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan golfhreyfingarinnar.
3. Áfrýjunardómstóll GSÍ er æðsti dómstóll innan golfhreyfingarinnar.
4. Dómstólar GSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

2. grein - Vanhæfi dómara

1. Dómari við dómstóla GSÍ, þar á meðal meðdómari, er vanhæfur til að fara með mál ef:
 - a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila,
 - b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem dómara hafa,
 - c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,
 - d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
 - e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið,
 - f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið,
 - g. fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef dómari eða nán skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.
2. Stjórn GSÍ skal skipa dómara í dómstóla GSÍ til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

3. grein - Almenn hæfisskilyrði

1. Kjörnir dómara dómstóla GSÍ skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
 - a. að vera svo á sig komnir andlega og líkamlega að þeir geti gengt embættinu,
 - b. að dómara við Dómstól GSÍ hafi lokið embættisprófi í lögum og þeir dómara við Áfrýjunardómstól GSÍ, sem ekki er krafist að séu löglærðir, hafi landsdómara réttindi í golfi,
 - c. að hafa náð 25 ára aldri.

2. Meðdómarar sem taka sæti í dómstól GSÍ skulu hafa almenna þekkingu á reglum GSÍ og golfreglum.

2. kafli Dómstóll GSÍ

4. grein - Skipan dómsins

1. Dómarar dómstóls GSÍ skulu vera 3 og allir löglærðir.
2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu golfþingi til setu fram að næsta reglulega golfþingi.
3. Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt golfþing skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og varaformann.
4. Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulegu dómurum fer með málið.
5. Nú telur dómari þörf á meðdómurum og er honum þá heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara í dóminn. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir, en þeir skulu hafa landsdómararéttindi í golfi.

5. grein - Kæru réttur

Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingur og félag, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.

6. grein - Meðalganga og upplýsingagjöf

Aðila, sem hefur kæru rétt skv. 5. grein, er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins.

7. grein - Kærufrestur

1. Kærufrestur til dómstóls GSÍ er 14 dagar frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða, og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með.
2. Dómstóll GSÍ getur veitt leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati dómsins.
3. Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.

8. grein - Form og efni kæru

1. Kæra skal vera skrifleg.
2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kæru:
 - a. Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kæranda.
 - b. Nafn kærða, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kærða.
 - c. Nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang.
 - d. Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.
 - e. Lýsing helstu málavaxta.
 - f. Tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga.
 - g. Lýsing á helstu röksemdum aðila málsins.
 - h. Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.

- i. Upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.
3. Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dómnum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.

9. grein - Málsmeðferð

1. Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu GSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
2. Formaður dómsins skal svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 8. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.
3. Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.
4. Sé dómsformaður forfallaður skal varaformaður annast þau verkefni sem til falla.
5. Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða (varnaraðila) áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með ábyrgðarbréfi, faxi eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en ein vika. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 8. grein, eftir því sem við getur átt.
6. Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Gólf sambandi Íslands eða öðrum þeim sem málið varðar.
7. Þegar dómari hefur mótttekið greinargerð varnaraðila, skal hann boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess, þ.m.t. hvort málið skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómþingi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari getur ákveðið annan hátt á málsmeðferð eftir þingfestingu.
8. Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur kveðinn upp innan viku frá því að málflytningi lauk.
9. Birta skal aðilum dóm eða úrskurð með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn, og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

10. grein - Flýtimeðferð máls

1. Telji formaður dómsins augljóst við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum golfhreyfingarinnar, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila, að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslaugar er honum heimilt með úrskurði að dæma kæranda í hag.
2. Úrskurði samkvæmt 1. mgr. er hægt að hnekkja með kæru til dómstólsins, sem tekur þá efnislega afstöðu til málsins.

11. grein - Tilnefning talsmanns fyrir dómi

Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra GSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri GSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

3. kafli Áfrýjunardómstóll GSÍ

12. grein - Skipan dómsins

1. Áfrýjunardómstóll GSÍ skal skipaður 3 dómurum, a.m.k. tveimur löglærðum og a.m.k. einum landsdómara í golfi og a.m.k. tveimur löglærðum og a.m.k. einum landsdómara í golfi til vara.
2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu golfþingi til setu fram að næsta reglulega golfþingi.
3. Dómstóllinn kys sér forseta.

13. grein - Áfrýjun

1. Heimilt er að skjóta til Áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls GSÍ, auk tiltekinna úrskurða nefnda GSÍ, sbr. 19. grein laga GSÍ.
2. Frestur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstólsins skal vera 5 dagar frá því dómur dómstóls GSÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.
3. Sá eða sú sem hyggst áfrýja máli skal senda Áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

14. grein - Ný gögn og málsmeðferðarreglur

1. Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir Áfrýjunardómstólnum. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.
2. Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.
3. Málsmeðferðarreglur II kafla laganna skulu gilda um Áfrýjunardómstól GSÍ eftir því sem við á.

4. kafli Almenn ákvæði

15. grein - Lögsaga

Undir dómstóla GSÍ heyra öll brot á golfreglum R&A Rules Limited svo og lögum og reglum GSÍ.

16. grein - Dómsniðurstöður

1. Dómstólar GSÍ geta í dómsorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:
 - a. Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til GSÍ.
 - b. Ákveðið sektir á aðildarfélög.
 - c. Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.
2. Þær refsingar sem dómstólar GSÍ geta beitt eru:
 - a. Áminning.
 - b. Vítur.
 - c. Svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan golfhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
 - d. Svipting áhugamenskúrtínda í golfi.
 - e. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan golfhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
 - f. Aðrar refsingar er lög eða reglur Golfsambands Íslands tiltaka.

17. grein - Þingbækur/Dómabækur

1. Við dómstóla GSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, **hvaða aðilar** mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.
2. Við dómstóla GSÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu GSÍ.

18. grein - Lyfjaeftirlit

Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

19. grein - Niðurfelling refsingar

Golfþingi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan golfhreyfingarinnar.

Samþykkt á golfþingi 11. nóvember 2023